

Starfsreglur

Sjúkrasjóðs Verkfræðingafélags Íslands

Breytingar eru litaðar gular.

1. gr. Tilgangur sjóðsins

Megin tilgangur sjóðsins er að greiða sjúkradagpeninga til sjóðfélaga sem eru í starfi en lenda tímabundið út af launaskrá eða verða fyrir launaskerðingu vegna veikinda eða slysa. Auk þess eru greiddir styrkir vegna útlagðs kostnaðar sjóðfélaga.

2. gr. Sjóðsaðild og réttindi

Almennt: Sjóðfélagar öðlast rétt til úthlutunar úr sjóðnum þegar iðgjaldagreiðslur hafa borist í sex mánuði, þar af síðustu 3 mánuði samfelld áður en tekjutap varð eða til útgjalda var stofnað. Nýir sjóðfélagar sem koma úr Styrktarsjóði VFÍ öðlast strax full réttindi í sjóðnum og það sama gildir um þá sem koma úr öðrum sjúkrasjóðum félaga sem veita fyrrverandi sjóðfélögum Styrktarsjóðs VFÍ sams konar réttindi.

Sjúkrasjóðurinn áskilur sér rétt til að leita staðfestingar á að umsækjandi hljóti ekki greiðslur úr öðrum sjúkrasjóði vegna sama tilviks. Umsækjanda ber að greina frá í hvaða sjóði greitt hefur verið vegna hans. Réttur til framlags úr sjóðnum fellur niður þegar iðgjöld fyrir sjóðfélaga hætta að berast sjóðnum.

Við útreikning bóta ber sjóðnum ekki skylda til að taka tillit til iðgjaldagreiðslna sem inntar eru af hendi aftur í tímann.

Aðild í launalausuleyfi: Réttur til úthlutunar fellur niður eftir þrjá mánuði í launalausuleyfi. Full réttindi skapast þegar viðkomandi hefur störf að nýju. Ekki eru greiddir sjúkradagpeningar vegna veikinda í launalausuleyfi.

Endurnýjaður réttur: Stjórn sjóðsins er heimilt að samþykkja endurnýjaðan rétt til greiðslna úr sjóðnum til þeirra sem verið hafa frá vinnu af heilsufarsástæðum, vegna náms, starfsþjálfunar eða atvinnuleysis í allt að 24 mánuði.

Í veikindum: Sjóðfélagi sem hefur fullnýtt rétt sinn til dagpeninga nýtur áfram annarra réttinda í sjóðnum í allt að eitt ár stofni hann ekki til réttinda annars staðar. (120 daga)

Aðild við starfslok: Sjóðfélagar halda réttindum í eitt ár eftir að þeir láta af störfum og fara á lífeyri. Sjúkradagpeningar eru þó ekki greiddir lengur en í þrjá mánuði.

3. gr. Umsóknir og reglur

a) Umsóknir: Sækja þarf um styrk til sjóðsins á rafrænu formi á vef VFÍ. Styrkumsóknir eru að jafnaði afgreiddar einu sinni í hverjum mánuði. Umsóknir sem berast fyrir 20. hvers mánaðar eru að jafnaði afgreiddar mánaðamótin á eftir.

b) Afgreiðsla umsókna: Stjórn sjóðsins og starfsmenn hans skulu fara með allar umsóknir um afgreiðslu úr sjóðnum sem trúnaðarmál. Afgreiðsla sjóðsins skal vera á skrifstofu VFÍ.

c) Gögn: Nauðsynleg gögn verða að liggja fyrir til að sjóðfélagi geti fengið greitt úr sjóðnum.

Þessi gögn eru:

- Með umsókn um greiðslu útlagðs kostnaðar: Sundurliðaðir reikningar með nafni umsækjanda, og kvittun eða millifærslustaðfestingu fyrir greiðslu hvers reiknings. Á reikningi þarf að vera áritun/stimpill/merki þess sem gefur reikninginn út með upplýsingum um nafn, starfsheiti, kennitölu og heimilisfang. Fjöldi skipta og dagsetningar meðferða eða kaupa á vöru eða þjónustu skal koma fram á reikningnum.
- Með umsókn um **fæðingarstyrk: Afrit af nýjasta launaseðli (með réttu starfshlutfalli)** ásamt afriti af fæðingarvottorði barns, eða læknisvottorði um áætlaðan fæðingardag.
- Með umsókn um dánarbætur: Dánarvottorð og útskrift úr dánarskrá viðkomandi sýslumannsembættis.
- Með umsókn um sjúkradagpeninga: Læknisvottorð og staðfesting vinnuveitanda hvenær samningsbundinni/lögboðinni launagreiðslu lauk.
- Stjórn sjóðsins getur óskað frekari gagna til upplýsinga um málsatvik hjá umsækjanda telji hún þörf á því.

d) Upphæð styrks: Ekki eru greiddir hærri styrkir en sem nemur framlögðum reikningum eða skv. uppsöfnuðum réttindum vegna styrkja sem heyra undir 6. grein þessara reglna. Staðgreiðsla skatta er tekin af styrkfjárhæðum.

4. gr. Dagpeningar vegna ólaunaðrar fjarveru frá vinnu.

Sjúkradagpeningar eru greiddir til viðbótar sjúkradagpeningum frá Sjúkratryggingum Íslands, og lífeyrisgreiðslum.

Samanlagðar greiðslur sjóðsins og ofangreindra aðila skulu þó aldrei nema hærri fjárhæð en það tekjutap sem hefur orðið og áskilur sjóðurinn sér rétt til að skerða sjúkradagpeninga því til samræmis.

a) Veikindi eða slys sjóðfélaga: Dagpeninga skal greiða frá þeim tíma að samningsbundinni eða lögboðinni kaupgreiðslu atvinnurekanda lýkur í allt að 120 daga, helga daga jafnt sem virka. Sjóðstjórn er heimilt að greiða hluta dagpeninga ef sjóðfélagi getur ekki vegna sjúkdóms eða slyss stundað fulla vinnu.

Sjóðstjórn er heimilt að lengja greiðslutíma dagpeninga, ef hún telur brýna nauðsyn til og fjárhagur sjóðsins leyfir í allt að 150 daga til viðbótar.

Eftir að sjóðfélagi hefur fullnýtt rétt sinn til greiðslna úr sjúkrasjóði hverju sinni og greiðslum dagpeninga úr sjóðnum lýkur, öðlast sjóðfélagi ekki rétt á greiðslum úr honum á ný fyrr en fyrr en borist hafa greiðslur í sjóðinn þrem mánuðum eftir að sjóðfélagi fékk síðast greiðslur úr sjóðnum. Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en í 810 daga alls fyrir hvern sjóðfélag.

b) Upphæð dagpeninga: Upphæð dagpeninga skal nema 80% af grunni inngreiðslna viðkomandi sjóðfélaga í sjóðinn miðað við meðal innborgun síðustu 12 mánuði áður en réttur til dagpeninga skapast þó eigi hærri fjárhæð en 1 milljón kr. á mánuði. Þetta á þó ekki við um dagpeningagreiðslur í fæðingarorlofi eða fyrir atvinnulausa sjá 2. gr. og lið d).

c) Langvarandi veikindi maka og/eða barna: Sjóðurinn greiðir bætur í formi dagpeninga í allt að 60 daga enda missi sjóðfélagi launatekjur vegna þeirra.

d) Atvinnulausir: Sjúkradagpeningar geta aldrei numið hærri upphæð en atvinnuleysisbætur sem fallið hafa niður.

e) Sjálfstætt starfandi sjóðfélagar: Greiðslur til sjálfstætt starfandi félagsmanna eru inntar af hendi sem um launþega væri að ræða þar sem biðtími jafngildir veikindarétti á almennum vinnumarkaði. Hafi greiðsla iðgjalda sjálfstætt starfandi sjóðfélaga hafist eða hækkað verulega á síðustu 18 mánuðum áður en umsókn kom fram um bætur eða styrk, er heimilt að ákveða annað viðmiðunartímabil til ákvörðunar bótafjárhæðar en að framan getur og krefjast frekari gagna, þar á meðal staðgreiðslufirlits aftur í tímann. Við útreikning bóta ber sjóðnum ekki skylda til að taka tillit til iðgjaldagreiðslna sem inntar eru af hendi aftur í tímann.

f) Starfsmenn nákomnir vinnuveitanda: Hafi greiðsla iðgjalda sem vinnuveitandi innir af hendi í þágu starfsmanns sem er nákominn eigendum, stjórnarmönnum eða yfirmönnum, hafist eða hækkað verulega á síðustu 18 mánuðum áður en umsókn kom fram um bætur eða styrk, er heimilt að stöðva greiðslur, ákveða annað viðmiðunartímabil til ákvörðunar bótafjárhæðar en að framan getur og krefjast frekari gagna, þ. á m. ráðningarsamnings og staðgreiðslufirlits aftur í tímann. Við útreikning bóta ber sjóðnum ekki skylda til að taka tillit til iðgjaldagreiðslna sem inntar eru af hendi aftur í tímann.

g) Varanleg örorka vegna slyss eða sjúkdóma: Sjóðurinn veitir bætur vegna varanlegrar örorku. Greidd er eingreiðsla að fjárhæð kr. 3.000.000 fyrir 75% örorkumat eða hærra og lækkar í réttu hlutfalli við minnkandi örorkuhlutfall.

h) Annað: Þegar alvarleg veikindi eða slys ber að höndum sem sjóðstjórn metur til fjárhagslegs tjóns fyrir heimili sjóðfélaga er heimilt að veita viðkomandi sérstakar bætur.

5. gr. Dánarbætur

Dánarbætur eru hlutfall af launum sem iðgjöld hafa verið greidd af og við ákvörðun greiðslna er miðað við meðalinnborgun í sjóðinn síðustu 12 mánuði fyrir andlát. Réttur til dánarbóta helst óbreyttur í tólf mánuði eftir að greiðslu í sjúkrasjóðinn er hætt. Að þessum 12 mánuðum liðnum skerðist réttur til bóta hlutfallslega næstu 4 árin og fellur niður 5 árum eftir að síðasta greiðsla í Sjúkrasjóð barst.

a) Greitt til maka eða sambýlings: Jafngildi einna mánaðarlauna.

b) Greitt til hvers barns sjóðfélaga, yngri en 18 ára: Jafngildi hálfra mánaðarlauna greiðist til barns. Greiðsla skal lögð beint inn á bankareikning barnsins sjálfs.

c) Fyrir þann aðstandanda sem stendur straum af kostnaði við útför: 1.000.000 kr.

d) Vegna fjárhagslegra áfalla við andlát maka, sambýlings eða barns sjóðfélaga: Jafngildi einna mánaðarlauna.

6. gr. Heilsustyrkir

Réttur til heilsustyrks myndast samkvæmt sömu reglum og réttur til dagpeninga.

Hámark árlegrar styrkuppþæðar nemur 75% af árs iðgjöldum viðkomandi sjóðfélaga. Heimilt er að safna iðgjöldum þriggja ára og nýta við umsóknir vegna styrkja sem falla undir þessa grein starfsreglna Sjúkrasjóðsins.

Greiddur er styrkur vegna eftirfarandi: líkamsrækt, sjúkrabjálfun, iðjubjálfun, sjúkranuð, kirópraktor, meðferð hjá sálfræðingi, hjúkrunarfræðingi, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa eða sambærilegum viðurkenndum meðferðaraðila. Foreldranámskeið, krabbameinsskoðun, hjarta-, lungna- og æðaskoðun. Gleraugu, linsur, lyf, tannlækningar, lýtalækningar og aðrar lækningar sem styrkþegi ber kostnað af.

7. gr. Augnaðgerðir

Endurgreitt er 75% af útlögðum kostnaði vegna „laser“ aðgerða en að hámarki kr. 300.000 Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðfélagi samfelld í eitt ár fyrir aðgerð. Ekki myndast hlutfallsréttur fyrir sjóðfélaga sem greitt hefur verið fyrir skemur en í 12 mánuði. Hámarksstyrkur samkvæmt þessari grein er aðeins veittur einu sinni til hvers sjóðfélaga.

8. gr. Heyrnartæki

Greiddur er styrkur sem nemur allt að kr. 250.000 af kostnaði sem fellur á sjóðsfélaga að frádregnum styrk Sjúkratrygginga Íslands. Styrkurinn er veittur á þriggja ára fresti en að hámarki kr. 1.000.000 á ævi sjóðsfélaga. Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðfélagi samfelld í minnst eitt ár.

9. gr. Tæknifrjógungun

Greiddur er styrkur allt að 75% af útlögðum kostnaði en að hámarki kr. 1.000.000 vegna meðferða á tæknifrjógungunardeildum. Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðfélagi samfelld í minnst 12 mánuði áður en kostnaður myndast. Hámarksstyrkur samkvæmt þessari grein er aðeins veittur einu sinni til hvers sjóðfélaga.

10. gr. Ættleiðing

Greiddur er styrkur vegna ættleiðingar allt að 75% af útlögðum kostnaði en að hámarki kr. 1.000.000. Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðfélagi samfelld í minnst 12 mánuði áður en kostnaður myndast. Hámarksstyrkur samkvæmt þessari grein er aðeins veittur einu sinni til hvers sjóðfélaga.

11. gr. Fæðingarstyrkur.

Foreldrar sem hafa fullgilda aðild að Sjúkrasjóðnum eiga rétt á fæðingarstyrk. Báðir foreldrar eiga rétt séu þeir aðilar að sjóðnum og uppfylla skilyrði um sjóðsaðild. Sjóðfélagi þarf að hafa a.m.k. tólf mánaða samfellda aðild að sjóðnum til að eiga rétt á styrk.

Upphæð styrks miðast við starfshlutfall .

Réttur til fæðingarstyrks miðast við að viðkomandi hafi verið sjóðfélagi við fæðingu barns. Sækja þarf um innan tólf mánaða frá fæðingu barns.

Fullur styrkur er kr. 300.000 til foreldris vegna hvers barns en lækkar í samræmi við starfshlutfall.

Sé um fjölbura fæðingu að ræða hækkar styrkur um kr. 300.000 fyrir hvert barn. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu er greiddur út hálfur fæðingarstyrkur. Fæðingarstyrkur er veittur til foreldris gegn framvísun fæðingarvottorðs og afriti af nýjum launaseðli (með réttu starfshlutfalli).

(ELDRI GREIN)

11. Fæðingarorlofsdagpeningar

a) Foreldrar sem eru réttihafar í Sjúkrasjóðnum eiga rétt á greiðslu fæðingarorlofsdagpeninga jafn lengi og þeir njóta greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Foreldrar sem eru sjóðfélagar eiga rétt á viðbótargreiðslum ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu eða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu.

b) Ef um fjölburaæðingu er að ræða skapast aukinn réttur til dagpeningagreiðslna sbr. lög um fæðingarorlof nr. 95/2000. Þessar greiðslur eru háðar því að sjóðfélagi njóti greiðslna úr fæðingarorlofssjóði.

c) Útreikningur fæðingarorlofsdagpeninga miðast við meðallaun skv. greiðsluáætlun Fæðingarorlofssjóðs. Greiðslur skulu vera 10% af meðallaunum bótaþega miðað við fæðingarorlofshlutfall samkvæmt greiðsluáætlun frá Fæðingarorlofssjóði.

12. gr. Endurskoðun Starfsreglna, kynning.

Starfsreglur Sjúkrasjóðs Verkfræðingafélags Íslands skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Starfsreglur Sjúkrasjóðs Verkfræðingafélags Íslands og allar breytingar á þeim skulu birtar opinberlega og kynntar sérstaklega.

Starfsreglur Sjúkrasjóðs Verkfræðingafélags Íslands öðlast gildi þegar stjórn Kjaradeildar VFÍ hefur samþykkt þær.

Samþykkt af stjórn Kjaradeildar VFÍ – 4. janúar 2017.

Breytingar samþykktar af stjórn Kjaradeildar í febrúar 2022.

Breytingar samþykktar af stjórn Kjaradeildar í september 2024 og taka gildi 1. Janúar 2025.